



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

PARALYMPIC LEIKARNIR Í BRASÍLÍU

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur þekkt boð Íþróttasambands fatlaðra um að sækja Paralympic leikana í Ríó de Janeiro. Forseti mun verða viðstaddur setningarathöfn leikanna í kvöld miðvikudaginn 7. september kl. 21:00 að íslenskum tíma ásamt fjölmörgum þjóðarleiðtogum, ráðherrum og forystumönnum íþróttahreyfinga.

Næstu daga mun forseti heimsækja Ólympíuþorpið og hitta íslenska keppendur, þjálfara og starfsmenn. Þá mun forseti bjóða íþróttafólkinu og fylgdarliði ásamt fjölskyldum keppenda til móttöku. Í heimsókninni mun hann einnig sækja íþróttaviðburði þar sem íslenskir keppendur taka þátt, og eiga fund með Sir Philip Craven, forseta alþjóðanefndar Paralympic leikanna (IPC). Fundinn sitja einnig forystumenn Íþróttasambands fatlaðra.

Forseti heldur frá Ríó að kvöldi laugardagsins 10. september.

7. september 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).